

Nd.

461. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

I.

Þetta mál var til meðferðar Alþingis fyrir tveim árum, og er saga þess orðin býsna löng og viðburðarík. Með lögum nr. 10/1975 var ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag í samvinnu við bandaríska auðhringinn Union Carbide Corporation um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Lög þessi voru samþykkt 26. apríl 1975, og Járnblendifélagið var stofnað formlega tveim dögum síðar, 28. apríl 1975, með þátttöku Union Carbide, eins og löggin gerðu ráð fyrir. Íslenska ríkið átti meiri hluta í félaginu og réð stjórn þess og stefnu að formi til. Að því leyti var fullnægt einu mikilvægasta skilyrði þess að hægt sé að stofna til atvinnurekstrar útlendinga í landinu.

Union Carbide Corporation reyndist illa í samstarfinu. Samstarfssamningurinn hafði ekki fyrr verið undirritaður en auðhringur þessi tók að sýna tregðu í samvinnu um byggingu og rekstur Grundartangaverksmiðjunnar, enda kom í ljós, að kísiljárnframleiðsla var ekki eins arðvænleg og Alþingi hafði verið talin trú um meðan málið var til umræðu á tímabilinu febrúar til apríl 1975. Markaður fyrir þessa vöru þrengdist skyndilega árið 1975 og söluverð hennar hríðféll. Enn er markaður fyrir kísiljárn mjög „veikur“, svo að notað sé orðalag Þjóðhagsstofnunar.

Union Carbide Corporation leist svo illa á ástandið í markaðsmálum járnblendisins, að það kaus að kaupa sér lausn frá aðild að sameign fyrirtækisins með íslendingum fyrir ærið gjald. Union Carbide vildi ekki eiga neitt á hættu í þessu sambandi og valdi þá leið að draga sig til baka áður en lengra yrði haldið út í óvissuna.

II.

Járnblendimálið er nú tekið upp í nýjum búningi, sem þó er í flestu líkur því, sem var fyrir tveim árum. Enn er stefnt að því að efna til samstarfs um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju með erlendu fyrirtæki. Að þessu sinni hefur valið

fallið á norska auðhringinn Elkem-Spigerverket í stað Union Carbide Corporation í New York. Á því er e. t. v. einhver stigsmunur að ganga til samstarfs við norskan auðhring í stað Union Carbide frá New York, en eðlismunur er enginn.

Elkem-Spigerverket er myndarlegt og traust fyrirtæki, en engin góðgerðarstofnun fremur en við er að búast. Það er ekki eins og að hafa himin höndum tekið að þurfa í slíkum viðskiptum sem þessum að hrekjast frá einum auðhringnum til annars, hvort sem hann á heimilisfang í New York eða Osló. Það á að vera og er grundvallarstefna varðandi íslenskt atvinnulíf að varast erlenda þátttöku í uppbyggingu þess, og gildar ástæður verða að ráða, ef út af er brugðið.

III.

Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði á sér býsna langan sögulegan aðdraganda, sem ekki er hægt að gera ítarlega grein fyrir í stuttu máli. En segja má, að bak við hugmyndina um kísiljárnframleiðslu á Grundartanga liggja sú imyndun, sem festi rætur hér á landi snemma á þessari öld, að leið íslendinga til hagsældar og framfara lægi í því að virkja fallvötn landsins til raforkuframleiðslu í þágu stórfyrirtækja, og gildi þá einu hvort slík fyrirtæki væru innlend eða erlend, aðalatriðið væri að ná tangarhaldi á auðmagni og tæknikunnáttu til þess að koma upp þess háttar fyrirtækjum. Þessi stefna var ekki einvörðungu boðuð með köldum rökum efnishyggju og talnaspeki, heldur allt eins með skáldlegum draumsjónum og listrenum tilfinningahita.

En reynslan hefur sýnt, að þessi „hugsjón“ er blekking.

Eigi að síður er járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði afsprengi þeirrar hugmyndar, að því aðeins sé hægt að virkja orkulindir landsins með hagkvæmni að við þær séu tengdar stóriðjuframkvæmdir sem séu að meira eða minna leyti á vegum útlendra auðhringa.

M. a. vegna andstöðu minnar við þennan hugsunarhátt sé ég mér ekki fært að mæla með samþykkt þessa frv.

IV.

Þegar mál þetta var til meðferðar Alþingis árið 1975, gerði ég margvíslegar athugasemdir við það, sem fyrst og fremst voru efnahags- og fjárhagslegs eðlis. Ég taldi þá að hér væri um að ræða áhættufyrirtæki, sem óvarlegt væri að íslendingar stæðu að. M. a. benti ég á þá hættu sem því væri samfara, ef sameigandinn að verksmiðjunni hlypist frá skyldum sínum í ótíma eða þegar verst gegndi fyrir okkur. Grunur minn í þessu tilliti sannaðist fyrr en nokkurn gat órað fyrir, eins og sýnt var í viðbrögðum Union Carbide við markaðserfiðleikunum, sem hófust fyrir eða um mitt ár 1975. Það traust, sem fyrirsvarsmenn málsins höfðu sett á Union Carbide í sambandi við markaðs- og sölumál, brást svo gersamlega á fyrstu vikum samstarfsins, að varla gat talist einleikið. Sannaðist, að traust á alþjóðlega auðhringa er ærið valt, þegar til kastanna kemur.

V.

Með vísan til þess, sem ég hef rakið hér á undan, legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 14. apríl 1977.

Ingvar Gíslason.